



24.000 TONNA LAXELDI Á LANDI Í ÖLFUSI

Matsáætlun : Viðbrögð við umsögnum

21476

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint/Project1472/Documents/Umsagnir/Matsáætlun/21476_viðbrögð.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	21.12.2021	AM/EBA/SGT	EBA	AM

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Geo Salmo
Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Viðbrögð við umsögnum um matsáætlun	1
2.1	Sveitarfélagið Ölfus	1
2.2	Veðurstofa Íslands	2
2.3	Minjastofnun Íslands	3
2.4	MAST	4
2.5	Hafrannsóknarstofnun	5
2.6	Veitur	5
2.7	Fiskistofa	6
2.8	Náttúrufræðistofnun Íslands	6
2.9	Vegagerðin	7
2.10	Orkustofnun	7
2.11	Umhverfisstofnun	9
2.12	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	11

1 Inngangur

Kynningartími matsáætlunar var frá 3. nóvember 2021 til 2. desember sama ár. Á tímabilinu bárust alls 12 erindi og í þessu skjali verður gerð grein fyrir umsögnum sem komu fram og viðbrögðum við þeim.

Umsagnir eru flokkaðar eftir aðilum sem sendu inn ábendingar og athugasemdir. Efnistöð umsagna eru víða sambærileg og reynt eftir fremsta megni að vitna milli kafla með sambærilegum umsögnum eða viðbrögðum.

Gerð verður grein fyrir umsögnum og viðbrögðum við þeim í þeirri röð sem þau koma fyrir í töflu.

Tafla 1.1 Yfirlit yfir aðila sem sendu inn umsagnir

1	Sveitarfélagið Ölfus	7	Fiskistofa *
2	Veðurstofa Íslands	8	Náttúrufræðistofnun Íslands
3	Minjastofnun Íslands	9	Vegagerðin *
4	MAST	10	Orkustofnun
5	Hafrannsóknarstofnun	11	Umhverfisstofnun
6	Veitur	12	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands *

* Umsögn krefst ekki viðbragða

Framsetning umsagna er með þeim hætti að viðkomandi umsögn eru birt og viðbrögð við henni koma þar fyrir neðan. Hægt er að sjá allar umsagnir í heild sinni í viðauka.

2 Viðbrögð við umsögnum um matsáætlun

2.1 Sveitarfélagið Ölfus

Í umsögn kemur fram:

Sveitarfélagið bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um hugsanlega ljósmengun frá stöðinni og hvernig komið verði í veg fyrir hana.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður mat lagt á hugsanlega ljósmengun frá eldisstöðinni og lagðar fram mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum á nærumhverfi.

Í umsögn kemur fram:

...jafnframt mikilvægi þess að útrásir til sjávar hefti ekki gönguleiðir meðfram ströndinni neðan stöðvarinnar og þær haldist opnar eftir sem áður.

Viðbrögð: Geo Salmo mun leita leiða til að tryggja aðgengi að gönguleiðum meðfram ströndinni og verður samráð haft við sveitarfélagið þar um. Gerð verður grein fyrir útfærslu á gönguleiðum og mannvirkjum fiskeldisins í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn kemur fram:

Einnig hvernig eftirlit verði haft með virkni hreinsibúnaðar útrásar, m.a. með sýnatöku í frárennsli. Frárennsli stöðvarinnar er stutt frá ósum Ölfusár og þar fara um þúsundir laxfiska (lax, sjóbirtingur, sjóbleikja) á hverju ári. Því er mikilvægt að ristar og sleppigildur séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villta fiska. Sveitarfélagið telur að ristar/sleppigildur skulu verða við hvert ker sem og í sameiginlegu frárennsli stöðvarinnar.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir eftirliti með hreinsibúnaði í frárennsli og einnig verður gerð grein fyrir vöktunaráætlun vegna efnaálags í viðtaka. Geo Salmo mun setja ristar á öll ker, auk þess sem það verður a.m.k. gróf síun á öllu frárennsli. Daglegt eftirlit verður á ristum og síum í stöðinni. Búnaður verður í samræmi við ákvæði reglugerðar 540/2020 um fiskeldi.

Í umsögn kemur fram:

Einnig telur sveitarfélagið að lífrænan úrgang frá stöðinni (dauð seiði, fóðurafgangar, seyra úr tromlusíu o.s.frv.) skuli ekki geyma undir beru lofti heldur ávallt í lokuðum gámum/ilátum.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi geymslu lífræns úrgangs í stöðinni. Gert er ráð fyrir að úrgangur verði aldrei geymdur undir beru lofti.

2.2 Veðurstofa Íslands

Í umsögn kemur fram:

Samkvæmt tillögunni er áætluð notkun ferskvatns 60 l/s (heitt og kalt), ísalts vatns 400 l/s (þar af er hluti ferskvatn) og sjávar um 18.500 l/s. Samkvæmt töflu 4.2 eru þetta lágmarkstölur. Nauðsynlegt er að setja einnig fram hámarkstölur þannig að hámarksálag vegna rekstursins sé skýrt og hversu mikið ferskvatn áætlað er að nota í heild.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir hámarkstöllum vatnstöku þannig að skýrt sé hversu mikið ferskvatn og sjór verður nýttur í eldisstöðinni.

Í umsögn kemur fram:

Tilkynnt upptaka úr grunnvatnshlotum árið 2015 benti ekki til þess að umtalsvert álag væri vegna vatnstöku á þessu svæði. Því miður eru gögnin að verða nokkuð gömul. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta gæti hafa breyst hratt í ljósi þeirrar aukningar sem þegar hefur orðið og/eða er fyrirhuguð, m.a. vegna fiskeldis á svæðinu.

Á þessu ári liggja fyrir matsáætlanir nýrra verkefna sem nýta munu sama grunnvatnsveiti. Auk laxeldis Geo Salmo má nefna aukna vatnstöku Icelandic Water Holdings úr Hlíðarendalindum, stækkun Landeldis ehf. og færslu/stækkun vatnsveitu sveitarfélagsins. Veðurstofan telur því nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif hinnar mismunandi framkvæmda sem nú eru á áætlun.

Ekki verður hjá því komist að benda á megináherslur í skýrslu Vatnaskila Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar (Eric M. Myer o.fl.(2018)). Að beiðni sveitarfélagsins unnu Vatnaskil greiningu á grunnvatnsauðlindinni, annars vegar til að leggja mat á færslu vatnsbóls Þorlákshafnar og hins vegar til að meta áhrif mögulegrar vatnstöku vegna uppbyggingar fiskeldis í nágrenni Þorlákshafnar. Í skýrslunni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar reyndist tiltækar, s.s. vatnafarsgögn, upplýsingar um grunnvatnsvinnslu, mælingar á grunnvatnsstöðu og gögn um seltu vinnsluvatns. Í ljósi þess séu niðurstöður líkansins bundnar töluverðri óvissu og útreikningar þarfnist staðfestingar með öflun gagna. Vísbendingar séu um að frekari vatnsvinnsla á þessu svæði geti leitt af sér aukna seltu í grynri holum og nánast fullsalt vatn í dýpri holum. Fram kemur að fyrirhuguð framtíðaruppbygging muni kalla á aukna vatnspörf, bæði til neyslu og iðnaðarnotkunar og krefst því stækkunar á vatnsveitu sveitarfélagsins samhliða aukinni vatnsvinnslu. Fyrirhuguð aukin vatnsvinnsla á svæðinu, m.a. vegna vatnsveitu Þorlákshafnar og núverandi og nýrra fiskeldisfyrirtækja mun að öllum líkindum valda mikilli áraun á grunnvatnsauðlindina meðfram ströndinni, bæði á fersku og söltu vatni. Skýrsluhöfundar telja að ekki séu forsendur til að stofna til frekari vatnsvinnslu á

Hafnarnesi áður en framangreindar staðfestingar liggja fyrir. Við stóruka nýtingu grunnvatnsauðlindarinnar á svæðinu í kringum Þorlákshöfn í nánustu framtíð sé mikilvægt að auðlindin sé nýtt skynsamlega, á sem sjálfbærastan hátt og með sem minnstum árekstrum mismunandi notenda. Í skýrslunni var tekið mið af þáverandi vatnsnotkun Laxa Fiskeldis ehf., Náttúru Fiskiræktar ehf. og Eldisstöðvarinnar Íspórs ehf.

Í ljósi ábendinga Vatnaskila telur Veðurstofan mikilvægt að skoða hvort frekari gagna hafi verið aflað og gerð grein fyrir niðurstöðum slíkrar úttektar fyrir þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu og að ákvarðanir byggji á vel ígrunduðum gögnum með samlegðaráhrif að sjónarmiði.

Viðbrögð: Geo Salmo tekur undir mikilvægi þess að gæta þess að núverandi og fyrirhuguð starfsemi raski ekki gæðum og jafnvægi í veitinum og að nýtingu sé stýrt á skynsaman máta. Fyrir liggur greinargerð sem unnin var af Verkfræðistofunni Vatnaskil fyrir Sveitarfélagið Ölfus sumarið 2021. Greinargerðin ber heitið „Nýting og stjórnun grunnvatnsauðlindar í nágrenni Þorlákshafnar. Líkangerð til stuðnings skipulagningu vatnstöku.“ Í greinargerðinni koma fram niðurstöður líkanreikninga til greiningar á viðbrögðum vatnsauðlindarinnar við aukinni vinnslu til stuðnings frekari skipulagningu vatnstöku á svæðinu. Í þessari vinnu var gagna aflað frá núverandi og fyrirhuguðum notendum grunnvatnsauðlindarinnar fyrir uppfærslu grunnvatnslíkansins og útfærslu vinnslutilfella. Í greinargerðinni er lagt mat á núverandi ástand grunnvatnsauðlindarinnar og greind 12 framtíðarvinnslutilfelli í samræmi við þær hugmyndir sem hafa komið fram um framtíðarnýtingu. Þá hefur Verkfræðistofan Vatnaskil einnig, að beiðni sveitarfélagsins, gert tillögur að næstu skrefum við skipulag og stjórnun vatnstöku í nágrenni Þorlákshafnar. Í umhverfismatsskýrslu verður nánari grein gerð fyrir niðurstöðum þessarar vinnu og hún lögð til grundvallar mati á áhrifum fyrirhugaðs laxeldis Geo Salmo ásamt samlegðaráhrifum með annarri starfsemi. Leitað verður til viðeigandi sérfræðinga og stofnana ef þörf er á að bæta við þær upplýsingar sem liggja fyrir.

Í umsögn kemur fram:

..leggur áherslu á mikilvægi þess að gera grein fyrir aðrennslissvæði þeirra borhola sem munu verða notaðar til framleiðslunnar, mögulegu áhrifasvæði og að álagsspol svæðisins verði metið. Vakta þarf grunnvatnsstöðu og tryggja að ástandið sé ásættanlegt og innan viðunandi marka, t.d. hvað varðar niðurdrátt og breytingar á seltustigi brunnanna. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar álag á grunnvatnshlotið er hvað mest, t.d. við lægstu vatnsstöðu þegar veitirinn er hvað viðkvæmastur fyrir álagi. Auk þess að vakta grunnvatnsstöðu álagssvæðisins er jafnframt áriðandi að meta leitni til lengri tíma, sem og áhrif náttúrulegra breytinga. Veðurstofan telur mikilvægt að settir séu fram gæðastaðlar, viðmið og viðbragðsáætlanir þannig að tryggt sé að ferskvatnsveitirinn sé nýttur með sjálfbærni að leiðarljósi.

Viðbrögð: Í umhverfismati verður gerð grein fyrir staðsetningu borhola og aðrennslissvæði þeirra. Lagt verður mat á mögulegt áhrifasvæði framkvæmdar og álagsspol veitisins. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vöktun, viðmiðum og hvernig verður brugðist við ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum vatnstöku fyrirhugaðs eldis, annarrar starfsemi sem er til staðar eða sem liggur fyrir að verði samþykkt. Leitað verður eftir samráði við viðeigandi stofnanir varðandi útfærslu vöktunar.

2.3 Minjastofnun Íslands

Í umsögn kemur fram:

Minjastofnun mælir eindregið með því að skráðar verði fornleifar á lóðinni allri. Ef t.d. verður unnið deiliskipulag sem nær yfir alla lóðina þarf að liggja fyrir fornleifaskráning á öllu svæðinu sem skipulagið nær til.

Viðbrögð: Fornleifafræðingur verður fenginn til að kanna og skrá fornleifar á allri lóðinni. Gerð verður grein fyrir þeirri skráningu í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn kemur fram:

Minjastofnun vekur athygli á að ef efnistökusvæði og haugsetningarsvæði eru utan lóðamarka þarf að fá fornleifafræðing til að skrá fornleifar á þessum stöðum og gera grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar líkt og innan lóðamarka.

Viðbrögð: Gert er ráð fyrir að efnistaka fari fram í námum með starfsleyfi en ef haugsetning og efnistaka fara fram á áður óröskuðum svæðum utan lóðar verða fornleifar skráðar þar eins og Minjastofnun bendir á og grein gerð fyrir þeim í umhverfismatsskýrslu.

Í umsögn kemur fram:

Þar kemur fram að lagt verði mat á verndargildi fornleifa. Skv. 3.gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) teljast hvers kyns mannvistarleifar á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa ger eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri til fornleifa. Í lögnum er ekki gerður greinarmunur á verndargildi fornleifa heldur njóta allar fornleifar verndar skv. lögnum. Minjastofnun leggur mat á verndargildi fornleifa þegar tekin er ákvörðun um hvort fornleifum megi raska og til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið vegna einstakra fornleifa.

Viðbrögð: Framkvæmdaraðili gerir sér grein fyrir að allar fornleifar eru jafn réttáar samkvæmt lögum um menningarminjar og að það er Minjastofnunar að leggja mat á verndargildi og ákveða hvort raska megi fornleifum, hvort þurfi að rannsaka þær frekar eða til hvaða mótvægisáðgerða rétt er að grípa. Til auðvelda vinnu við að finna lýsandi vægiseinkunn áhrifa í umhverfismatsskýrslu verður fornleifafræðingur fenginn til að draga fram hvort að hans álit séu einhverjar fornleifar hafi meira gildi en aðrar og jafnframt leggja til mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem á lokaorðið í þeim efnum sem endurspeglast í veitingu leyfis til að raska eða fjarlægja fornleifar og skilmálum um mótvægisáðgerðir og frekari rannsóknir.

2.4 MAST

Í umsögn kemur fram:

Í tillögunni kemur fram hversu mikil framleiðsla af laxi verði á ári en samkvæmt núgildandi lögum nr. 71/2008 um fiskeldi skal í rekstrarleyfi vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt í leyfilegum hámarkslífmassa og óskar Matvælastofnun því eftir að Geo Salmo ehf. skilgreini hámarkslífmassa fyrir eldisstöðina.

Viðbrögð: Miðað er við að hámarkslífmassi verði ekki meiri en 12.500 tonn.

Í umsögn kemur fram:

Í kafla 4.9 er tafla 4.2 sem sýnir m.a. þéttleika eldisfiska á mismunandi stigum. Þar kemur fram að áætlaður þéttleiki verði á bilinu 45 –50 kg/m³. Matvælastofnun bendir á að í reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirliti með eldisstöðvum kemur fram í kafla IV14. gr. að miða skuli við að ásetningur í áframeldi í laxeldi fari ekki yfir 25 kg/m³. Í áframeldi til slátrunar ber þó að taka tillit til gæða og meðhöndlunar á eldisvökva við stýrðar aðstæður í strandeldisstöðvum til rýmkunar krafna um þéttleika.

Viðbrögð: Lögð er áhersla á að viðhalda hámarksgæðum á eldisvökva og gætt verður í hvívetna að fara ekki yfir útgefin viðmiðunarmörk dýralæknis fisksjúkdóma.

Ef Geo Salmo sækist eftir rýmkun krafna um þéttleika, verður gerð grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu og forsendum þeirrar beiðni.

Í umsögn kemur fram:

Í kafla 4.9 um fráveitu og úrgang kemur fram áætlun um að það falli til um 300 tonn á ári af dauðum fiski. Jafnframt kemur fram að gerð verði nánari grein fyrir ráðstöfun dauðfisks í umhverfismatsskýrslu. Matvælastofnun upplýsir hér með að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á www.mast.is(umsókn 1.07).

Viðbrögð: Geo Salmo þakkar ábendinguna og mun sækja um skráningu.

Í umsögn kemur fram:

Í kafla 5.4 kemur fram að í umhverfisskýrslu verði gerð grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar. Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Viðbrögð: Hönnun eldisstöðvarinnar verður í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 540/2020 og verður í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir þeim búnaði sem kemur í veg fyrir slyasleppingar úr eldiskörum og búnaði í frárennsli stöðvarinnar. Sjá einnig svar í kafla 2.1 um hreinsibúnað.

2.5 Hafrannsóknarstofnun

Í umsögn kemur fram:

Óljóst er í matsáætlun hvort klak hrognna verði í stöðinni sjálfri eða annars staðar. Fram kemur í umfjöllun um eldisáætlun að seiði til eldisins verði alin innan stöðvarinnar og því sé ekki þörf á flutningi seiða um langan veg. Þetta bendir til þess að hrognum verði klakið á staðnum. Gera þarf betri skil á þessum þætti eldisáætlunar í umhverfismatsskýrslunni.

Viðbrögð: Hrogn verða klakin á stöðinni. Nánari lýsing á framkvæmd og rekstri stöðvarinnar verður í umhverfismatsskýrslu.

Í kaflanum um vatnsgæði og lífríki viðtaka eru talin upp nokkur viðmið sem skulu liggja til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum. Hafrannsóknastofnun bendir á að innleiðing vatnatilskipunar hefur verið í ferli í nokkurn tíma og munu viðmið við ástandsflokkun strandsjárvarvatnshlota liggja fyrir fljótlega. Vöktun á ástandi strandsjárvarvatnshlota mun verða í samræmi við vatnatilskipun og því er mikilvægt að hún sé viðmið.

Viðbrögð: Geo Salmo þakkar ábendinguna og mun setja vatnatilskipun sem viðmið í umhverfismatsskýrslu.

2.6 Veitur

Í umsögn kemur fram:

Í matsáætlun kemur fram að áætluð heita vatns notkun sé 70°C hitastig 8 l/sek. Veitur benda á að um alla aukna notkun á iðnaðarvatni þarf að semja sérstaklega, þar sem þær geta kallað á auknar fjárfestingar og taka tíma í framkvæmd. Iðnaðarvatnshlutun viku fyrir húshitun og er því mikilvægt að starfsemin geri ráðstafanir með eigið varaafli.

Viðbrögð: Gerð verður nánari grein fyrir öflun heits vatns og ráðstafanir vegna varaafis í umhverfismatskýrslu og mun Geo Salmo hafa samráð við Veitur um þennan málaflokk.

2.7 Fiskistofa

Umsögn kallar ekki á viðbrögð frá Geo Salmo.

2.8 Náttúrufræðistofnun Íslands

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf grein fyrir lagnaleið heits vatns og rafmagns að eldisstöðinni.

Viðbrögð: Í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir lagnaleiðum heits vatns og rafmagns sem og aðkomuvegi að eldisstöðinni.

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf betur grein fyrir hreinsibúnaði og því magni uppleystra efna sem mögulega sleppa í gegnum hann t.d. hreinsiefni, vegna lyfja-og efnanotkunar í eldisstöðinni, ásamt mögulegum áhrifum á lífríki við frárennslisútrás. Í tillögu á matsáætlun er áformuð gagnaöflun á lífríki í fjöru.

Viðbrögð: Í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir hreinsibúnaði og magni uppleystra efna í frárennslis og mat lagt á áhrif þessara efna á lífríki. Þá verður lagt mat á samlegðaráhrif á lífríki viðtaka með annarri núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á svæðinu. Til grundvallar mati verður þynningarlíkan sem sýnir dreifingu frárennslis í sjó.

Í umsögn kemur fram:

Í tengslum við sóttvarnir á bls. 17 stendur að gerð verði grein fyrir hugsanlegum ágangi vargs og vörnum gegn honum eftir því sem við á. Hugtakið vargur er hvergi notað í lögum um villt dýr eða lögum um umhverfismat og er að mati Náttúrufræðistofnunar merkingarlaust og ætti að gera grein fyrir því hvaða dýr er hér átt við og eins þá mótvægisáðgerðum, sé þeirra talin þörf.

Viðbrögð: Það sem átt er við er að reynslan frá öðrum eldisstöðvum hefur sýnt að úrgangur sem fylgir svona starfsemi getur haft aðdráttarafl fyrir fugla af stóru svæði og getur því fylgt óþrifnaður með driti og hætta á sjúkdómum. Hafa verður í huga að frárennslis frá fiskeldisstöðinni verður að mestu hreinsað og eldisstöðin sjálf verður yfirbyggð og því ekki séð að þetta verði mikið vandamál. Fjallað verður nánar um þetta í umhverfismatskýrslu og gerð grein fyrir hvaða mótvægisáðgerðir eru mögulegar.

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf grein fyrir áhrifum lýsingar á ásynd og myrkurgæði svæðisins.

Viðbrögð: Í umhverfismatskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd. Þá verður mat lagt á hugsanlega ljósmengun frá eldisstöðinni og lagðar fram mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum á nærumhverfi.

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf grein fyrir efnistöku og efnistökusvæðum í tengslum við framkvæmdina.

Viðbrögð: Gerð verður grein fyrir efnistöku og efnistökusvæðum í umhverfismatskýrslu ásamt þörf á haugsetningu efnis og haugsetningarsvæðum.

Í umsögn kemur fram:

Gera þarf grein fyrir strandrofi og mögulegum hættum á sjávarflóðum.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um mögulega hættu á sjávarflóðum og strandrofi í kafla um náttúruvá.

Í umsögn kemur fram:

Koma þarf fram í hvað miklum mæli framleiðsla eldisstöðvarinnar sé ætluð til útflutnings og áhrif þess á kolefnisspor fyrirtækisins.

Viðbrögð: Framleiðsla stöðvarinnar mun að stærstum hluta verða til útflutnings. Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um áhrif framkvæmdarinnar og rekstursins á loftslag. Það er misjafnt hvort flutningur afurðar er tekinn með í útreikning á kolefnisspori eins og kemur t.d. fram í skýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda frá laxeldi á Íslandi (Environice, 2018). Engu að síður gerir Geo Salmo ráð fyrir að fjalla um þátt flutninga í áhrifum eldisstöðvarinnar á loftslag.

Fyrirtækið hefur það markmið að lágmarka kolefnisspor framkvæmdar og rekstrar og mun skoða ýmsar leiðir að því markmiði m.a. við þökkun og flutninga.

Í umsögn kemur fram:

Mikilvægt er að skoðuð verði samlegðaráhrif fiskeldisfyrirtækja innan svæðisins í heild þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir frárennsli í sjó og áhrifa vatnstöku á grunnvatnstöðu.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð fyrir samlegðaráhrifum fiskeldisfyrirtækja og annarrar viðeigandi starfsemi á lífríki viðtaka vegna frárennslis í sjó sem og samlegðaráhrif vatnstöku á grunnvatnsstöðu. Sjá einnig svar við umsögn Veðurstofu Íslands (2.2).

2.9 Vegagerðin

Umsögn kallar ekki á viðbrögð frá Geo Salmo.

2.10 Orkustofnun

Í umsögn kemur fram:

Samkvæmt lýsingu í tillögunni er áformað að nýta allt að 18.500 l/s af jarðsjó, 60 l/s af fersku grunnvatni og 400 l/s af fersku eða ísöltu grunnvatni, sem aflað verður úr borholum sem verða boraðar í nágrenni eldisstöðvarinnar. Ekki kemur fram hvort eða hvernig notkun á vatni verði breytileg yfir árið.

Viðbrögð: Öll notkun á eldisvökva er jöfn og stöðug yfir árið.

Í umsögn kemur fram:

Ekki er líklegt að öllu því ferskvatni sem rennur fram til strandar hverju sinni verði náð til nýtingar. Meðal annars má nefna að einhver hluti fer í myndun blandlags, vatn streymir fram milli borhola, rennsli er ekki jafnt yfir árið og óvíst að þær breytingar séu í samræmi við breytilega nýtingu þar sem það á við. Þá er sennilegt að slík nýting myndi raska jafnvægi milli ferskvatns og undirliggjandi jarðsjávar. Alnýting á fersku grunnvatni er ekki möguleg.

Fyrirliggjandi gögn eru of takmörkuð til að útiloka mögulega staðbundna misleitni á afrennissvæði Selvogsstraums, t.d. vegna áhrifa frá sprungum og/eða kargalögum.

Engar rannsóknir liggja fyrir um aðstreymi vatns eða um áhrif fyrirhugaðrar tóku vatns á því svæði sem starfsemi er áformuð. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar nýtingar ferskvatnslinsunnar á innbyrðis legu ferskvatnslags, blandlags og jarðsjávar, og þar með seltu.

Viðbrögð: Geo Salmo tekur undir mikilvægi þess að gæta þess að núverandi og fyrirhuguð starfsemi raski ekki gæðum og jafnvægi í veitinum og að nýtingu sé stýrt á skynsaman máta. Fyrir liggur greinargerð sem unnin var af Verkfræðistofunni Vatnaskil fyrir Sveitarfélagið Ölfus sumarið 2021. Greinargerðin ber heitið „Nýting og stjórnun grunnvatnsauðlindar í nágrenni Þorlákshafnar. Líkangerð til stuðnings skipulagningu vatnstöku.“ Í greinargerðinni koma fram niðurstöður líkanreikninga til greiningar á viðbrögðum vatnauðlindarinnar við aukinni vinnslu til stuðnings frekari skipulagningu vatnstöku á svæðinu. Í þessari vinnu var gagna aflað frá núverandi og fyrirhuguðum notendum grunnvatnsauðlindarinnar fyrir uppfærslu grunnvatnslíkansins og útfærslu vinnslutilfella. Í greinargerðinni er lagt mat á núverandi ástand grunnvatnsauðlindarinnar og greind 12 framtíðarvinnslutilfelli í samræmi við þær hugmyndir sem hafa komið fram um framtíðarnýtingu. Metin voru áhrif vinnsluaukningar framtíðartilfellanna á grunnvatnsborð og seltu grunnvatns. Þá hefur Verkfræðistofan Vatnaskil einnig, að beiðni sveitarfélagsins, gert tillögur að næstu skrefum við skipulag og stjórnun vatnstöku í nágrenni Þorlákshafnar. Í umhverfismatsskýrslu verður nánari grein gerð fyrir niðurstöðum þessarar vinnu og hún lögð til grundvallar mati á áhrifum fyrirhugaðs laxeldis Geo Salmo ásamt samlegðaráhrifum með annarri starfsemi. Leitað verður til viðeigandi sérfræðinga og stofnana ef þörf er á að bæta við þær upplýsingar sem liggja fyrir.

Í umsögn kemur fram:

Telja má nær öruggt, jafnvel þó framangreindar forsendur stæðust að mestu leyti, að slík vatnstaka myndi leiða af sér niðurdrátt út fyrir fyrirhugað nýtingarsvæði. Kanna þarf umfang niðurdráttar og hugsanleg áhrif á framtíðarnýtingu hugsanlegra aðila í nágrenni nýtingarsvæðis.

Viðbrögð: Í umhverfismati verður gerð grein fyrir staðsetningu borhola og aðrennslissvæði þeirra ásamt hugsanlegum niðurdrætti útfyrir fyrirhugað nýtingarsvæði. Lagt verður mat á mögulegt áhrifasvæði framkvæmdar og álagsspol veitinsins. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vöktun, viðmiðum og hvernig verður brugðist við ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg. Gerð verður grein fyrir samlegðaráhrifum vatnstöku fyrirhugaðs eldis, annarrar starfsemi sem er til staðar eða sem liggur fyrir að verði samþykkt.

Í umsögn kemur fram:

Áhyggjur af hugsanlegum áhrifum af vatnstöku úr blandlagi fersks og salts grunnvatns. Telur stofnunin að erfitt geti verið að skipuleggja aðskilda vatnstöku úr blandlagi sem getur sveiflast upp og niður sem svar við annarri vatnstöku, aðstreymi ferskvatns og jafnvel vegna sjávarfalla. Stofnunin telur hættu á að vatnstaka úr blandlagi myndi enn frekar raska hinu viðkvæma jafnvægi milli ferskvatns og jarðsjávar, stuðla að meiri þykkt á blandlaginu og auka hættu á að ferskvatni verði spillt að óþörfu. Telur Orkustofnun mikilvægt að áður en umsókn um slíka grunnvatnstöku berist stofnuninni liggja fyrir greining á áhrifum hennar.

Þess ber að geta að í ljósi sambærilegra ábendinga stofnunarinnar til Landeldis við málsmeðferð á umsókn fyrirtækisins um nýtingarleyfi, skammt frá fyrirhuguðu nýtingarsvæði Geo Salmo, féll það fyrirtæki frá áformum um vatnstöku úr blandlaginu, a.m.k. þar til frekari rannsóknir hefðu farið fram, sbr. umfjöllun í nýtingarleyfi OS-2021-L017-01 og fylgibréfi með leyfinu

Viðbrögð: Eftir nánari skoðun er það niðurstaðan að ekki sé þörf á að Geo Salmo sækji eldisvökva úr blandlagi. Færa má þá þörf yfir á ferskvatn.

Í umsögn kemur fram:

Orkustofnun telur því, með vísan til framanritaðs, mikilvægt að fyrir liggja rannsóknir og greining á vatnsgæfni fersks grunnvatns á lóð framkvæmdaraðila og mat á áhrifum af nýtingu fyrirhugaðs magns, ekki síst af fersku og ísöltu grunnvatni, á jafnvægi milli ferska grunnvatnsins og jarðsjávar.

Viðbrögð: Framkvæmdaraðili tekur undir með Orkustofnun og vísar til svara um sama efni hér að framan.

Í umsögn kemur fram:

Þá bendir Orkustofnun á, að gefnu tilefni, að það getur verið munur á afmörkun leyfissvæðis skv. auðlindalögum og lóð leyfishafa, skv. leigusamningi, en það verður að vera tryggt að allar nýtingarholur séu innan leyfissvæðis og að fyrir liggja heimild landeiganda til að nýta vatnið á viðkomandi svæði. Því hvetur stofnunin framkvæmdaraðila að huga að staðsetningum borhola út frá rannsóknum og niðurstöðum þeirra.

Viðbrögð: Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna og mun gera grein fyrir staðsetningu borhola og nauðsynlegum leyfum í umhverfismatsskýrslu.

2.11 Umhverfisstofnun

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi er gefið út fyrir hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma. Því er mikilvægt að í umsókn um starfsleyfi verði gerð grein fyrir hámarkslífmassa. Skilyrði vegna losunar eru hins vegar ákvörðuð út frá ársframléiðslu.

Viðbrögð: Geo Salmo þakkar ábendinguna og mun gera grein fyrir hámarkslífmassa í umhverfismatsskýrslu sem og í umsókn um leyfi þegar þar að kemur. Eins og stendur er gert ráð fyrir að hámarkslífmassi fari ekki yfir 12.500 t.

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin mun annað hvort losa í viðtaka sem hefur vatnshlotanúmerið 103-1341-C og nefnist Stokkseyri að Þorlákshöfn eða viðtaka sem hefur vatnshlotanúmerið 104-1383-C og nefnist Þorlákshöfn að Höfnum en það er háð staðsetningu fráveitunnar. Stofnunin telur mikilvægt að gerð verði ítarlega grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttað. Stofnunin bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Lagning neðansjárleiðslu þarf samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ofangreint ákvæði er rekstraraðila heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Áður en heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun skal hún leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Skv. reglugerð 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta lagi góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Í matsáætlun kemur fram að fleiri fiskeldisstöðvar eru á svæðinu og því verði í umhverfismatsskýrslu lagt mat á samlegðaráhrif þeirra á lífríki og vatnsgæði viðtaka.

Umhverfisstofnun telur það afar jákvætt og hvetur rekstraraðila og aðrar fiskeldisstöðvar á svæðinu til að koma sér upp sameiginlegri vöktun á viðtaka

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir viðeigandi heitum og númerum viðkomandi vatnshlota sem fráveita verður losuð í. Jafnframt verður gerð ítarleg grein fyrir hvernig fráveitu verður háttáð en fyrirkomulag verður í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 798/1999 eins og Umhverfisstofnun bendir á. Í umhverfismatsskýrslu verður jafnframt gerð grein fyrir vöktun á ástandi vatnshlota ásamt þeim viðbrögðum sem gripið verður til ef niðurstaða vöktunar reynist ekki ásættanleg. Ekki er ólíklegt að leitað verði til annarra eldisfyrirtækja um sameiginlega vöktun eins og Umhverfisstofnun stingur upp á.

Í umsögn kemur fram:

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu komi fram hver sé áætluð heildarfóðurnotkun stöðvarinnar. Stofnunin bendir á að losun næringarefna í viðtaka er reiknuð út frá framleiddu magni fisks, fóðurnotkun og fóðurnýtingu. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila á að nota réttar formúlur fyrir losunarútreikninga en þær má nálgast hjá stofnuninni.

Viðbrögð: Geo Salmo þakkar ábendinguna og mun leita eftir leiðbeiningunum við gerð losunarútreikninganna og mun jafnframt gera grein fyrir heildarfóðurnotkun stöðvarinnar í umhverfismatsskýrslu.

Í matsáætlun kemur fram að rekstraraðili fyrirhugi að fráveitan verði í samræmi við hugmyndir um hringrásarhagkerfi þar sem úrgangur verði lágmarkaður og fastefnið sem fellur frá endurnýtt eins og kostur er. Næringarríkt affallsvatn frá seiðastöð verður nýtt til ræktunar grænmetis í gróðurhúsi en annað affallsvatn síað í gegnum tromlusíur þar sem fastefnið er skilið frá og endurnýtt, t.d. til gasgerðar og/eða áburðar. Umhverfisstofnun bendir á að slík starfsemi gæti verið tilkynningar- eða leyfisskyld. Umhverfisstofnun telur þessar hugmyndir um lágmarkun úrgangs og endurnýtingu fastefnis jákvæðar og í samræmi við nýja stefnu stjórnvalda, sem nefnist í átt að hringrásarhagkerfi, þar sem stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin bendir á að hún hefur unnið leiðbeiningar um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir þeim leyfum sem starfsemi vegna endurnýtingar úrgangs er háð. Geo Salmo þakkar fyrir ábendinguna um leiðbeiningar um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun og mun líta til þeirra við umfjöllun um þau mál í umhverfismatsskýrslu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Ef framkvæmdaleyfi gerir ráð fyrir raski á hrauni þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Í matsáætlun segir að leitast verði við að draga sem kostur er úr beinu raski á hrauninu og gætt að frágangi. Landþörf starfseminnar er talsverð en mikilvægt er að

heildarflatarmál framkvæmdarsvæðisins komi fram í umhverfismatsskýrslu. Að mati Umhverfisstofnunar mun framkvæmdin hafa umtalsverð óafturkræf áhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin telur að fjalla þurfi ítarlega um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og að gera skuli valkostagreiningu þar sem verndargildi hraunasvæða eru metin og tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka.

Viðbrögð: Í umhverfismatsskýrslu verður gerð ítarleg grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir með hliðsjón af ákvæðum náttúruverndarlaga, einkum 61.gr. um sérstaka vernd. Við mat á áhrifum á jarðmyndanir er gerð grein fyrir mikilvægi og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi og verða mikilvægi náttúruminja og hagsmunir framkvæmdar bornir saman eins og lýst er í umsögn Umhverfisstofnunar.

Í umhverfismatsskýrslu verður skoðað hvort munur sé á verndargildi jarðminja innan framkvæmdasvæðis og hvort ólíkar útfærslur á staðsetningu mannvirkja framkvæmdar séu líklegar til að draga úr áhrifum á jarðmyndanir og verndargildi þeirra. Þá verður einnig gerð grein fyrir mögulegum mótþægisaðgerðum í þeim tilgangi að lágmarka áhrif framkvæmda á jarðmyndanir.

2.12 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Umsögnin þarfnast ekki viðbragða.

VIÐAUKI, UMSAGNIR



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Þorlákshöfn, 23. nóvember 2021
Málsnúmer: 2111016 GJ
Kt. umsk. 5902695149

Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn, Iceland
+354 480 3800

olfus.is

Á 26. fundi Skipulags- og umhverfisnefndar Ölfuss 18.11.2021 sl., var neðangreint erindi tekið fyrir.

Umsögn um matskýrslu vegna 24000 tonna laxeldis Geo Salmo

Skipulagsstofnun biður um umsögn sveitarfélagsins vegna matskýrslu sem fjallar um umhverfismat á 24.000 tonna fiskeldi vestan Þorlákshafnar. Í umsögninni skal, eftir því sem við á, að koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Afgreiðsla: Sveitarfélagið Ölfus telur skýrsla geri ágætlega grein fyrir því hvernig framkvæmdaaðili hyggst vinna að umhverfismat. Sveitarfélagið bendir á mikilvægi þess að fjallað verði um hugsanlega ljósmengun frá stöðinni og hvernig komið verði í veg fyrir hana. Jafnframt mikilvægi þess að útrásir til sjávar hefti ekki gönguleiðir meðfram ströndinni neðan stöðvarinnar og að þær haldist opnar eftir sem áður. Einnig hvernig eftirlit verði haft með virkni hreinsibunaðar útrásar, m.a. með sýnatöku í frárennsli. Frárennsli stöðvarinnar er stutt frá ósum Ölfusár og þar fara um þúsundir laxfiska (lax, sjóbirtingur, sjóbleikja) á hverju ári. Því er mikilvægt að ristar og sleppigildir séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villta fiska. Sveitarfélagið telur að ristar/sleppigildir skulu vera við hvert ker sem og í sameiginlegu frárennsli stöðvarinnar. Einnig telur sveitarfélagið að lífrænan úrgang frá stöðinni (dauð seiði, fódurafgangar, seyra úr tromlusíu o.s.frv.) skuli ekki geyma undir beru lofti heldur ávallt í lokuðum gámum/flátum.

Sveitarfélagið er leyfisveitandi þegar kemur að byggingar- og framkvæmdaleyfum og fer með skipulagsvaldið á lóðinni.

Afgreiðsla nefndarinnar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Ölfuss og verður þér gert viðvart fari afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér kemur fram.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar

Gunnlaugur Jónsson
skipulagsfulltrúi Ölfuss

Skipulagsstofnun
bt. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
skipulag@skipulag.is sigurdur.asbjornsson@skipulag.is

Dags. 29.11.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2019-0227
0.5.1

Með erindi dags. 3. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu að matsáætlun Geo Salmo ehf. um framkvæmd við 24.000 tonna laxeldi á landi í Ölfusi.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Í tillögu að matsáætlun Geo Salmo kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verður mat lagt á samlegðaráhrif með annarri starfsemi í nágrenninu á grunnvatn, hvort vatnstakan hafi áhrif á grunnvatnsstöðu og gert ráð fyrir að áhrif á grunnvatn verði vöktuð. Jafnframt kemur fram að unnið verði rennislíkan sem metur áhrif vatnstökunnar. Veðurstofan telur þetta vera mikilvæga nálgun og til fyrirmyndar í ljósi þeirrar umtalsverðu aukningar á fiskeldi sem fyrirhuguð er á svæðinu.

Samkvæmt tillögunni er áætluð notkun ferskvatns 60 l/s (heitt og kalt), ísalts vatns 400 l/s (þar af er hluti ferskvatn) og sjávar um 18.500 l/s. Samkvæmt töflu 4.2 eru þetta lágmarkstölur. Nauðsynlegt er að setja einnig fram hámarkstölur þannig að hámarksálag vegna rekstursins sé skýrt og hversu mikið ferskvatn áætlað er að nota í heild.

Veðurstofan bendir á að í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála fellur grunnvatn á svæðinu undir grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3 (104-290-G) (sjá uppskiptingu vatnshlota inni á vatnavefsja.vedur.is). Eins og bent er á í tillögunni einkennist grunnvatn á þessu svæði af því að ferskt grunnvatn liggur ofan á saltvatni, en slíkir veitar eru afar viðkvæmir fyrir röskun á því jafnvægi sem er til staðar. Tilkynnt upptaka úr grunnvatnshlotum árið 2015 benti ekki til þess að umtalsvert álag væri vegna vatnstöku á þessu svæði (Davíð Egilson o.fl. 2019, 2020). Því miður eru gögnin að verða nokkuð gömul. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta gæti hafa breyst hratt í ljósi þeirrar aukningar sem þegar hefur orðið og/eða er fyrirhuguð, m.a. vegna fiskeldis á svæðinu.

Á þessu ári liggja fyrir matsáætlanir nýrra verkefna sem nýta munu sama grunnvatnsveiti. Auk laxeldis Geo Salmo má nefna aukna vatnstöku Icelandic Water Holdings úr Hlíðarendalindum, stækkun Landeldis ehf. og færslu/stækkun vatnveitu sveitarfélagsins. Veðurstofan telur því nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif hinnar mismunandi framkvæmda sem nú eru á áætlun.

Ekki verður hjá því komist að benda á megináherslur í skýrslu Vatnaskila *Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar* (Eric M. Myer o.fl. (2018)). Að beiðni sveitarfélagsins unnu Vatnaskil greiningu á grunnvatnsauðlindinni, annars vegar til að leggja mat á færslu vatnsbóls Þorlákshafnar og hins vegar til að meta áhrif mögulegrar vatnstöku vegna uppbyggingar fiskeldis í nágrenni Þorlákshafnar. Í skýrslunni kemur fram að takmarkaðar upplýsingar reyndust tiltækar, s.s. vatnafarsgögn, upplýsingar um grunnvatnsvinnslu, mælingar á

grunnvatnsstöðu og gögn um seltu vinnsluvatns. Í ljósi þess séu niðurstöður líkansins bundnar töluverðri óvissu og útreikningar þarfnist staðfestingar með öflun gagna. Vísbendingar séu um að frekari vatnsvinnsla á þessu svæði geti leitt af sér aukna seltu í grynri holum og nánast fullsalt vatn í dýpri holum. Fram kemur að fyrirhuguð framtíðaruppbygging muni kalla á aukna vatnspörf, bæði til neyslu og iðnaðarnotkunar og krefst því stækkunar á vatnsveitu sveitarfélagsins samhliða aukinni vatnsvinnslu. Fyrirhuguð aukin vatnsvinnsla á svæðinu, m.a. vegna vatnsveitu Þorlákshafnar og núverandi og nýrra fiskeldisfyrirtækja mun að öllum líkindum valda mikilli áraun á grunnvatnsauðlindina meðfram ströndinni, bæði á fersku og söltu vatni. Skýrsluhöfundar telja að ekki séu forsendur til að stofna til frekari vatnsvinnslu á Hafnarnesi áður en framangreindar staðfestingar liggja fyrir. Við stórauðna nýtingu grunnvatnsauðlindarinnar á svæðinu í kringum Þorlákshöfn í nánustu framtíð sé mikilvægt að auðlindin sé nýtt skynsamlega, á sem sjálfbærastan hátt og með sem minnstum árekstrum mismunandi notenda. Í skýrslunni var tekið mið af þáverandi vatnsnotkun Laxa Fiskeldis ehf., Náttúru Fiskiræktar ehf. og Eldisstöðvarinnar Íspórs ehf.

Í ljósi ábendinga Vatnaskila telur Veðurstofan mikilvægt að skoða hvort frekari gagna hafi verið aflað og gerð grein fyrir niðurstöðum slíkrar úttektar fyrir þær framkvæmdir sem áætlaðar eru á svæðinu. Mikilvægt að skoða möguleg áhrif aukinnar vatnstöku á svæðinu og að ákvarðanir byggji á vel ígrunduðum gögnum með samlegðaráhrif að sjónarmiði.

Veðurstofan leggur áherslu á mikilvægi þess að gera grein fyrir aðrennslissvæði þeirra borhola sem munu verða notaðar til framleiðslunnar, mögulegu áhrifasvæði og að álagsspöl svæðisins verði metið. Vakta þarf grunnvatnsstöðu og tryggja að ástandið sé ásættanlegt og innan viðunandi marka, t.d. hvað varðar niðurdrátt og breytingar á seltustigi brunnanna. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar álag á grunnvatnshlotið er hvað mest, t.d. við lægstu vatnsstöðu þegar veitirinn er hvað viðkvæmastur fyrir álagi. Auk þess að vakta grunnvatnsstöðu álagssvæðisins er jafnframt áriðandi að meta leitni til lengri tíma, sem og áhrif náttúrulegra breytinga.

Veðurstofan telur mikilvægt að settir séu fram gæðastaðlar, viðmið og viðbragðsáætlanir þannig að tryggt sé að ferskvatnsveitirinn sé nýttur með sjálfbærni að leiðarljósi.

Heimildir:

Davíð Egilson, Jón Guðmundsson, Tinna Þórarinsdóttir & Gerður Stefánsdóttir (2019). Magnstaða grunnvatns. Tillaga um aðferðarfræðilega nálgun. Skýrsla VÍ 2019-012, 61 s.
https://www.vedur.is/media/vedurstofan-utgafa-2019/VI_2019_012.pdf

Davíð Egilson, Gerður Stefánsdóttir & Tinna Þórarinsdóttir (2020). Tillögur að grunnvatnshlotum sem kunna að vera undir marktæku álagi vegna vatnstöku og/eða endurnýjunar af mannavöldum. Greinargerð VÍ DE/ofl/2020-02.
http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/DE_ofl_2020_02_Grunnvatnshlot%20m%20m%20c3%b6gulega%20undir%20m%20c3%a1lagi.pdf

Eric M. Myer, Hilmar Már Einarsson & Sveinn Óli Pálmarsson (2018). Greining á grunnvatnsauðlindinni í nágrenni Þorlákshafnar. Líkangerð til mats á færslu vatnsbóls sveitarfélagsins og skipulagi vegna uppbyggingar fiskeldis. Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus. Skýrsla nr. 18.09. Verkfræðistofan Vatnaskil, Reykjavík, 72 s.

Virðingarfyllst,


Arni Snorrason
forstjóri VÍ



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Reykjavík 26. nóvember 2021
MÍ202111-0152/ 6.07 / K.M.

Efni: Laxeldi Geo Salmo á landi í Ölfusi.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 3. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirtækið Geo Salmo áformar að reisa laxeldisstöð á landi í Ölfusi vestan Þorlákshafnar. Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdasvæðið liggur við sjó í um 3,7 km fjarlægð frá núverandi byggð í Þorlákshöfn.

Í matsáætlun segir að framkvæmdin feli í sér byggingu eldisstöðvar á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar. Eldinu verði skipt í þrjú stig, seiðastöð, sjógöngustöð og áframeldisstöð og að þeim fylgi fjölmargar byggingar. Einnig er gert ráð fyrir byggingum sem þjóna þeim tilgangi að nýta næringarefni úr frárennsli s.s. gróðurhús og metangasstöð. Auk bygginga fylgja sjómiðlunartankar, sjótökuholur og ferskvatnsholur uppsetningu stöðvarinnar.

Fjallað er um fornleifar í kafla 7.7 í matsáætlun. Þar segir að engar þekktar fornleifar séu á framkvæmdasvæðinu en að ráðinn verði fornleifafræðingur til að gera fornleifaskráningu á svæðinu. Fornleifafræðingur muni skrá fornleifar á þeim svæðum þar sem jarðrask er fyrirhugað. Það eigi við um framkvæmdasvæði innan lóðamarka og aðkomu að svæðinu. Minjastofnun mælir eindregið með því að skráðar verði fornleifa á lóðinni allri. Ef t.d. verður unnið deiliskipulag sem nær yfir alla lóðina þarf að liggja fyrir fornleifaskráningu á öllu svæðinu sem skipulagið nær til.

Í kafla 4.11 í matsáætlun er fjallað um efnistöku og haugsetningu. Þar segir að efnistökusvæði og haugsetningarsvæði verði sýnd á korti í umhverfisskýrslu. Minjastofnun vekur athygli á að efnistökusvæði og haugsetningarsvæði eru utan lóðamarka þarf að fá fornleifafræðing til að skrá fornleifar á þessum stöðum og gera grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar líkt og innan lóðarmarkanna.


Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Fjallað er um framsetningu gagna í kaflanum um fornleifar. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við þá umfjöllun. Þar kemur fram að lagt verði mat á verndargildi fornleifa. Skv. 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) teljast hvers kyns mannvistarleifar á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri til fornleifa. Í lögnum er ekki gerður greinarmunur á verndargildi fornleifa heldur njóta allar fornleifa verndar skv. lögnum. Minjastofnun leggur mat á verndargildi fornleifa þegar tekin er ákvörðun um hvort fornleifum megi raska og til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið vegna einstakra fornleifa.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofnagreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Sigurður Ásbjörnsson
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 3. nóvember 2021

Tilvísun: 2111127

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um tillögu að matsáætlun Geo Salmo ehf. vegna fiskeldis í Ölfusi.

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 3. nóvember 2021, vegna 20.000 tonna ársframleiðslu Geo Salmo ehf. í eldi á laxi í landeldi við Þorlákshöfn í Ölfusi.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fiskisjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í tillögunni kemur fram hversu mikil framleiðsla af laxi verði á ári en samkvæmt núgildandi lögum nr. 71/2008 um fiskeldi skal í rekstrarleyfi vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar mælt í leyfilegum hámarkslífmassa og óskar Matvælastofnun því eftir að Geo Salmo ehf. skilgreini hámarkslífmassa fyrir eldisstöðina.

Í kafla 2.3 koma fram þau leyfi sem framkvæmdin er háð. Þar vantar að minnast á að til reksturs fiskeldis þarf skv. lögum nr. 71/2008 rekstrarleyfi frá Matvælastofnun.


Í kafla 4.9 er tafla 4.2 sem sýnir m.a. þéttleika eldisfiska á mismunandi stigum. Þar kemur fram að áætlaður þéttleiki verði á bilinu 45 – 50 kg/m³. Matvælastofnun bendir á að í reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirliti með eldisstöðvum kemur fram í kafla IV 14. gr. að miða skuli við að ásetningur í áframeldi í laxeldi fari ekki yfir 25 kg/m³. Í áframeldi til slátrunar ber þó að taka tillit til gæða og meðhöndlunar á eldisvökva við stýrðar aðstæður í strandeldisstöðvum til rýmkunar krafna um þéttleika.

Í kafla 4.9 um fráveitu og úrgang kemur fram áætlun um að það falli til um 300 tonn á ári af dauðum fiski. Jafnframt kemur fram að gerð verði nánari grein fyrir ráðstöfun dauðfisks í umhverfismatskýrslu. Matvælastofnun upplýsir hér með að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á www.mast.is (umsókn 1.07).

Í kafla 5.4 kemur fram að í umhverfisskýrslu verði gerð grein fyrir fiskheldni stöðvarinnar. Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettu í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fiskisjúkdóma og forvarnir gegn þeim.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Karl Steinar Óskarsson
Deildarstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 02.12.2021
MFRI: 2021-11-0311

Efni: 24.000 tonna laxeldi á landi í Ölfusi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Óskar Skipulagsstofnun eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Geo Salmo áformar að reisa eldisstöð í landi Ölfuss vestan Þorlákshafnar. Markmið fyrirtækisins er að framleiða 20.000 t/ári af laxi með möguleika á að auka framleiðsluna upp í 24.000 t/ári. Áætlað er fyrirtækið að endurnýta eldisvökva og nota til þess síun og súrefnisdælingu. Einnig skal nýta næringarefni sem falla til með frárennsli í metanframleiðslu og sem áburð í gróðurhús. Eldinu verður skipt í þrjú stig, seiðastöð, sjógöngustöð (post smolt) og áframeldisstöð.

Óljóst er í matsáætlun hvort klak hrognar verði í stöðinni sjálfri eða annarsstaðar. Fram kemur í umfjöllun um eldisáætlun að seiði til eldisins verði alin innan stöðvarinnar og því sé ekki þörf á flutningi seiða um langan veg. Þetta bendir til þess að hrognum verði klakið á staðnum. Gera þarf betri skil á þessum þætti eldisáætlunar í umhverfismatsskýrslunni.

Í kaflanum um vatnsgæði og lífríki viðtaka eru talin upp nokkur viðmið sem skulu liggja til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum. Hafrannsóknastofnun bendir á að innleiðing vatnatilskipunar hefur verið í ferli í nokkurn tíma og munu viðmið við ástandsflokkun strandsjávratnshlota liggja fyrir fljótlega. Vöktun á ástandi strandsjávratnshlota mun verða í samræmi við vatnatilskipun og því er mikilvægt að hún sé viðmið.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 01.12.21

Efni: Umsögn Veitna um matsáætlun vegna 24.000 tonna laxeldi Geo Salmó á landi í Ölfusi

Vísað er auglýsingu Skipulagsstofnunar vegna matsáætlun fyrir 24.000 tonna laxeldi Geo Salmo í Ölfusi. Geo Salmo áformar að reisa eldisstöð í landi Ölfuss vestan Þorlákshafnar. Markmið framkvæmdarinnar er að framleiða 20.000 t/ári af laxi með möguleika á að auka framleiðsluna í 24.000 t/ári.

Í matsáætluninni kemur fram að áætluð heita vatns notkun sé 70°C hitastig 8 l/sek. Veitur benda á að um alla aukna notkun á iðnaðarvatni þarf að semja um sérstaklega, þar sem þær geta kallað á auknar fjárfestingar og taka tíma í framkvæmd. Iðnaðarnotkun víkur fyrir húshitun og er því mikilvægt að starfsemin geri ráðstafanir með eigið varaafli.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 6. desember 2021
Tilv. 2021-11-02-2786/2.5 Fiskeldi

Efni: Varðar eldi á laxaseiðum að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn

Með tölvupósti 3 nóvember leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðs laxeldis á landi í Ölfusi þar sem ársframleiðsla er ráðgerð 24.000 tonn. Fyrirhuguð fiskeldisstöð er ekki í næsta nágrenni við þekkt veiðivötn.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í náttúruleg kerfi. Það er því mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Fram kemur í tillögu að matsáætlun í umhverfismatskýrslu verður gerð grein fyrir búnaði og verklagi sem ætlaður er til að koma í veg fyrir slyasleppingar s.s. ristar, grindur og síur í frárennsli. Í skýrslunni kemur fram að affall frá stöðinni verði leitt til sjávar.

Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættu á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni. Fram kemur að fjallað verði um þá þætti í umhverfismatskýrslu.

Fiskistofa telur að nægilega sé tekið tillit til þeirra þátta sem varða villta laxfiskastofna í fram lagðri tillögu að matsáætlun.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa


Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

From: Snorri Sigurðsson - NI
Sent: 3.12.2021 09:45:46
To: Sigurður Ásbjörnsson - SLS
Subject: Tölvupóstur með umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands. Afsakið að það fyrirförst að skila umsögninni í gær.

Tilvísun í mál nr. 202111-0007 (LA).

Vísað er í bréf dags. 3. nóvember 2021 frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um tillögu að matsáætlun um laxeldi á landi sem fyrirtækið Geo Salmo hyggst reisa í landi Ölfuss vestan Þorlákshafnar.

Markmið framkvæmdarinnar er að framleiða 20.000 tonn á ári af laxi með möguleika á að auka framleiðsluna í 24.000 tonn á ári.

Í tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir helstu þáttum framkvæmdarinnar og reksturs fiskeldisins og þeir þættir framkvæmdarinnar sem geta haft áhrif á umhverfið skilgreindir. Gerð er grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum og lögð drög að áætlun um rannsóknir og gagnaöflun.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að hún sé vel unnin þar sem hún nær yfir flest það sem gera þarf grein fyrir við mat á umhverfisáhrifum Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri um ákveðna þætti í umhverfismatinu:

- Gera þarf grein fyrir lagnaleið heits vatns og rafmagns að eldisstöðinni.
- Gera þarf betur grein fyrir hreinsibúnaði og því magni uppleystra efna sem mögulega sleppa í gegnum hann t.d. hreinsiefni, vegna lyfja- og efnanotkunar í eldisstöðinni, ásamt mögulegum áhrifum á lífríki við frárennslisútrás. Í tillögu á matsáætlun er áformuð gagnaöflun á lífríki í fjöru.
- Í tengslum við sóttvarnir á bls. 17 stendur að gerð verði grein fyrir hugsanlegum ágangi vargs og vörnum gegn honum eftir því sem við á. Hugtakið vargur er hvergi notað í lögum um villt dýr eða lögum um umhverfismat og er að mati Náttúrufræðistofnunar merkingarlaust og ætti að gera grein fyrir því hvaða dýr er hér átt við og eins þá mótvægisáðgerðum, sé þeirra talin þörf..
- Gera þarf grein fyrir áhrifum lýsingar á áskýnd og myrkurgæði svæðisins.
- Gera þarf grein fyrir efnistöku og efnistökusvæðum í tengslum við framkvæmdina.
- Gera þarf grein fyrir strandrofi og mögulegum hættum á sjávarflóðum.
- Koma þarf fram í hvað miklum mæli framleiðsla eldisstöðvarinnar sé ætluð til útflutnings og áhrif þess á kolefnisspor fyrirtækisins.
- Mikilvægt er að skoðuð verði samlegðaráhrif fiskeldisfyrirtækja innan svæðisins í heild þar sem sérstaklega er gerð grein fyrir frárennslí í sjó og áhrifa vatnstöku á grunnvatnstöðu.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



Sigurður Ásbjörnsson
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b, 105 Reykjavík
Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is
skipulag@skipulag.is

Efni: 24.000 tonna laxeldi Geo Salmo á landi í Ölfusi, umsögn um matsáætlun.

Vegagerðin telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni í matsáætlun.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði 30 m breitt til hvorrar handar frá miðlínu stofnvega en 15 m frá miðlínu annara þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin gerir ráð fyrir að fyrirhugað framkvæmdasvæði verði utan veghelgunarsvæðis Suðurstrandarvegar (427), viðhafa þarf sérstakt samráð vegna fyrirhugaðra tenginga við þjóðveg. Með samráði telur Vegagerðin að tryggja megi þá þætti sem snúa að starfssviði hennar.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Síða 1/1

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. desember 2021
Tilvísun: OS2021110015/50.4.3
Verknúmer: 3051380

Efni: Tillaga að matsáætlun fiskeldisstöðvar Geo Salmo á landi vestan Þorlákshafnar í Ölfusi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 3. nóvember 2021, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um tillögu að matsáætlun vegna áforma Geo Salmo um að reisa fiskeldisstöð með allt að 24.000 tonna framleiðslugetu á landsvæði vestan til í Keflavík í Ölfusi, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Í erindinu er óskað eftir því að Orkustofnun fjalli um hvort stofnunin, út frá sínu starfssviði, hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum hún telji að gera þurfi frekari skil eða höfð verði sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög), er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum. Með auðlindum er í lögunum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við. Nýting grunnvatns, hvort sem það er ferskt eða salt, kalt eða heitt, er því háð leyfi Orkustofnunar.

Framangreind lagaákvæði afmarka stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd og lýtur því eftirfarandi umsögn stofnunarinnar einungis að þeim efnisþáttum fyrirspurnarinnar er varða starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt lýsingu í tillögunni er áformað að nýta allt að 18.500 l/s af jarðsjó, 60 l/s af fersku grunnvatni og 400 l/s af fersku eða ísöltu grunnvatni, sem aflað verður úr borholum sem verða boraðar í nágrenni eldisstöðvarinnar. Ekki kemur fram hvort eða hvernig notkun á vatni verði breytileg yfir árið.

Orkustofnun hefur áhyggjur af hratt vaxandi ásókn í Selvogsstraum og hefur í umsögnum við fyrri stöðvar m.a. vakið athygli á þeirri óvissu sem falin er í (of)túlkun á því almenna mati að Selvogsstraumur flytji 30-33 m³/s til sjávar og að grunnvatnið dreifist jafnt um hraunin milli Herðisarvíkur og Þorlákshafnar. Út frá þessari nálgun hafa framkvæmdaraðilar í sumum tilvikum gert ráð fyrir rennsli upp á 1 m³/s/km strandlengju á hverju svæði fyrir sig og sú tala síðan notuð til mats á gæfni á fersku grunnvatni á tilgreindum stað á þessu svæði og því gert ráð fyrir nýtingu sem því nemur. Ástæður þess að stofnunin telur hér farið of langt í túlkum eru einkum:

- a) Ekki er líklegt að öllu því ferskvatni sem rennur fram til strandar hverju sinni verði náð til nýtingar. Meðal annars má nefna að einhver hluti fer í myndun blandlags, vatn streymir fram milli borhola, rennsli er ekki jafnt yfir árið og óvíst að þær breytingar séu í samræmi við breytilega nýtingu þar sem það á við. Þá er sennilegt að slík nýting myndi raska jafnvægi milli ferskvatns og undirliggjandi jarðsjávar. Alnýting á fersku grunnvatni er ekki möguleg.
- b) Fyrirliggjandi gögn eru of takmörkuð til að útiloka mögulega staðbundna misleitni á afrennslissvæði Selvogsstraums, t.d. vegna áhrifa frá sprungum og/eða kargalögum.
- c) Engar rannsóknir liggja fyrir um aðstreymi vatns eða um áhrif fyrirhugaðrar töku vatns á því svæði sem starfsemi er áformuð. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar nýtingar ferskvatnslinsunnar á innbyrðis legu ferskvatnslags, blandlags og jarðsjávar, og þar með seltu.
- d) Telja má nær öruggt, jafnvel þó framangreindar forsendur stæðust að mestu leyti, að slík vatnstaka myndi leiða af sér niðurdrátt út fyrir fyrirhugað nýtingarsvæði. Kanna þarf umfang niðurdráttar og hugsanleg áhrif á framtíðarnýtingu hugsanlegra aðila í nágrenni nýtingarsvæðis.

Sömuleiðis hefur Orkustofnun áhyggjur af hugsanlegum áhrifum af vatnstöku úr blandlagi fersks og salts grunnvatns. Telur stofnunin að erfitt geti verið að skipuleggja aðskilda vatnstöku úr blandlagi sem getur sveiflast upp og niður sem svar við annarri vatnstöku, aðstreymi ferskvatns og jafnvel vegna sjávarfalla. Stofnunin telur hættu á að vatnstaka úr blandlagi myndi enn frekar raska hinu viðkvæma jafnvægi milli ferskvatns og jarðsjávar, stuðla að meiri þykkt á blandlaginu og auka hættu á að ferskvatni verði spillt að óþörfu. Telur Orkustofnun mikilvægt að áður en umsókn um slíka grunnvatnstöku berist stofnuninni liggja fyrir greining á áhrifum hennar. Þess ber að geta að í ljósi sambærilegra ábendinga stofnunarinnar til Landeldis við málsmeðferð á umsókn fyrirtækisins um nýtingarleyfi, skammt frá fyrirhuguðu nýtingarsvæði Geo Salmo, féll það fyrirtæki frá áformum um vatnstöku úr blandlaginu, a.m.k. þar til frekari rannsóknir hefðu farið fram, sbr. umfjöllun í nýtingarleyfi OS-2021-L017-01 og fylgibréfi með leyfinu (sjá meðfylgjandi).

Orkustofnun telur því, með vísan til framanritaðs, mikilvægt að fyrir liggja rannsóknir og greining á vatnsgæfni fersks grunnvatns á lóð framkvæmdaraðila og mat á áhrifum af nýtingu fyrirhugaðs magns, ekki síst af fersku og ísöltu grunnvatni, á jafnvægið milli ferska grunnvatnsins og jarðsjávar.

Þá bendir Orkustofnun á, að gefnu tilefni, að það getur verið munur á afmörkun leyfissvæðis skv. auðlindalögum og lóð leyfishafa, skv. leigusamningi, en það verður að vera tryggt að allar nýtingarholur séu innan leyfissvæðis og að fyrir liggja heimild landeiganda til að nýta vatnið á viðkomandi svæði. Því hvetur stofnunin framkvæmdaraðila að huga að staðsetningum borhola út frá rannsóknum og niðurstöðum þeirra.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tillögu að matsáætlun vegna áforma um allt að 24.000 tonna laxeldi Geo Salmo á landi í Ölfusi, sveitarfélaginu Ölfusi. Framangreindar ábendingar miða að greiningu og framsetningu gagna sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en tekin verði afstaða til útgáfu nýtingarleyfis skv. auðlindalögum, ef af verður.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum. Með vísan til framangreindra atriða í umsögn þessari getur stofnunin á síðari stigum jafnframt kallað eftir frekari gögnum og/eða upplýsingum frá framkvæmdaraðila þó ekki sé vikið að því í umsögninni. Jafnframt er bent á að samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sjá mál 3 og 4/2019, telst nýtingarleyfi skv. auðlindalögum vera leyfi til framkvæmda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vegna þessa skal niðurstaða Skipulagsstofnunar liggja fyrir áður en komið getur til útgáfu nýtingarleyfis vegna framkvæmdarinnar, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Fylgiskjöl: Nýtingarleyfi OS-2021-L017-01, ásamt fylgibréfi

Skipulagsstofnun
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2021
UST202111-038/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsáætlun – laxeldi á landi í Ölfusi – Geo Salmo ehf.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 3. nóvember sl. þar sem óskað er umsgagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. viðauka II í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin minnir á að málshraðviðmið stofnunarinnar fyrir útgáfu starfsleyfa er allt að 240 dagar. Hægt er að sækja um að vinna umhverfismat samhliða starfsleyfisgerð en starfsleyfistillaga verður ekki auglýst fyrr en álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir þar sem mengunarvarnaákvæði starfsleyfis byggja á mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Geo Salmo ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar að reisa eldisstöð í landi Ölfuss vestan Þorlákshafnar. Áætluð framleiðsla er 20.000 tonn af laxi á ári með möguleika á að auka framleiðsluna í 24.000 tonn á ári. Skv. töflu 4.2 í matsáætlun verður standandi lífmassi í stöðinni 12.260 tonn á hverjum tíma. Áætluð vatnstaka er um 19.000 l/s.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi er gefið út fyrir hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma. Því er mikilvægt að í umsókn um starfsleyfi verði gerð grein fyrir hámarkslífmassa. Skilyrði vegna losunar eru hins vegar ákvörðuð út frá ársframleiðslu.

Stöðinni verður skipt í þrjú stig, þ.e. seiðastöð, sjógöngustöð og áframeldisstöð. Á framkvæmdarsvæði verða eldiskerin umfangsmest en auk þeirra verða byggingar sem hýsa slátrun, fiskvinnslu, spennistöð, hreinsistöð, gróðurhús, fóðurgeymslu, smávirgjun, súrefnisstöð og aðstöðu starfsmanna. Einnig verða á lóðinni sjómiðlunartankar, sjótökuholur og ferskvatnsholur. Heildarflatarmál bygginga verður 185.400 m².

Mat á umhverfisáhrifum

Í greinargerð matsáætlunar kemur fram að í umhverfismati verði gerð grein fyrir helstu áhrifum framkvæmdar á eftirfarandi umhverfisþætti: landnotkun, jarðmyndanir, fornleifar, landslag, ásýnd, gróðurfar, fuglalíf, grunnvatn, vatnsgæði, lífríki viðtaka, loftslag, atvinnulíf og hljóðvist.

Helstu áhrifaþættir framkvæmdar sem nefndir eru og gætu haft áhrif á ofangreinda umhverfisþætti eru beint rask, grunnvatnstaka, frárennsli, rekstur og ónæði á framkvæmdar- og rekstrartíma.

Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir valkostum varðandi útfærslu á fráveitu og nýtingu næringarefna úr frárennsli eða förgun ef nýting gengur ekki eftir.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin mun annað hvort losa í viðtaka sem hefur vatnshlotanúmerið 103-1341-C og nefnist Stokkseyri að Þorlákshöfn eða viðtaka sem hefur vatnshlotanúmerið 104-1383-C og nefnist Þorlákshöfn að Höfnum en það er háð staðsetningu fráveitunnar. Stofnunin telur mikilvægt að gerð verði ítarlega grein fyrir því hvernig fráveitunni verði háttáð. Stofnunin bendir á að skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Lagning neðansjárleiðslu þarf samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ofangreint ákvæði er rekstraraðila heimilt að leggja til aðrar lausnir sem viðkomandi heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi. Áður en heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun skal hún leita umsagnar Umhverfisstofnunar.

Skv. reglugerð 535/2011 skulu vatnshlot vera í að minnsta lagi góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu komi fram hver sé áætluð heildarfóðurnotkun stöðvarinnar. Stofnunin bendir á að losun næringarefna í viðtaka er reiknuð út frá framleiddu magni fisks, fóðurnotkun og fóðurnýtingu. Umhverfisstofnun bendir rekstraraðila á að nota réttar formúlur fyrir losunarútreikninga en þær má nálgast hjá stofnuninni.

Í matsáætlun kemur fram að fleiri fiskeldisstöðvar eru á svæðinu og því verði í umhverfismatsskýrslu lagt mat á samlegðaráhrif þeirra á lífríki og vatnsgæði viðtaka. Umhverfisstofnun telur það afar jákvætt og hvetur rekstraraðila og aðrar fiskeldisstöðvar á svæðinu til að koma sér upp sameiginlegri vöktun á viðtaka.

Úrgangur

Í matsáætlun kemur fram að rekstraraðili fyrirhugi að fráveitan verði í samræmi við hugmyndir um hringrásarhagkerfi þar sem úrgangur verði lágmarkaður og fastefnið sem fellur frá endurnýtt eins og kostur er. Næringarríkt affallsvatn frá seiðastöð verður nýtt til ræktunar grænmetis í gróðurhúsi en annað affallsvatn síað í gegnum tromlusíur þar sem fastefnið er skilið frá og endurnýtt, t.d. til gasgerðar og/eða áburðar. Umhverfisstofnun bendir á að slík starfsemi gæti verið tilkynningar- eða leyfisskyld.

Umhverfisstofnun telur þessar hugmyndir um lágmarkun úrgangs og endurnýtingu fastefnis jákvæðar og í samræmi við nýja stefnu stjórnvalda, sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*, þar sem stefnt er að því að hætta alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin bendir á að hún hefur unnið leiðbeiningar um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi.¹

Sérstök vernd

Líkt og fram kemur í matsáætluninni er fyrirhugað framkvæmdasvæði staðsett á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hraunið rann úr Brennisteinsfjöllum fyrir meira en 4.000 árum.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Ef framkvæmdaleyfi gerir ráð fyrir raski á hrauni þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af úttekni leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Í matsáætlun segir að leitast verði við að draga sem kostur er úr beinu raski á hrauninu og gætt að frágangi. Landþörf starfseminnar er talsverð en mikilvægt er að heildarflatarmál framkvæmdarsvæðisins komi fram í umhverfismatsskýrslu. Að mati Umhverfisstofnunar mun framkvæmdin hafa umtalsverð óafturkræf áhrif á hraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Stofnunin telur að fjalla þurfi ítarlega um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og að gera skuli valkostagreiningu þar sem verndargildi hraunasvæða eru metin og tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík**

Selfossi, 14. desember 2021
2112022HS SHJ

Efni: Geo Salmo - Umsögn um matsáætlun

Þann 3. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðs 24.000 tonna laxeldis á landi í Þorlákshöfn í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Um er að ræða byggingu eldisstöðvar fyrir allt að 24.000 tonn af laxfiski ásamt tilheyrandi mannvirkjum á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði vestan Þorlákshafnar. Auk bygginga sem tengjast eldinu beint verða reist á svæðinu sláturhús, fiskvinnsla, rafstöðvarhús/spennistöð, hreinsistöð/metanframleiðsla, smávirksjun og gróðurhús. Framkvæmdin er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 þar sem fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint sem óbyggt svæði en unnið verður að breytingu á aðalskipulagi samhliða vinnu við umhverfismat framkvæmdarinnar.

HSL hefur farið yfir ofangreinda tillögu að matáætlun fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við tillöguna sem slíka. Embættið telur að tillagan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í frummatsskýrslu. Þó er bent á að rétt sé að líta til laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem og reglugerða nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns til viðbótar við þau lög og reglugerðir sem þegar eru taldar upp í matsáætluninni þegar metin eru áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn annars vegar og vatnsgæði og lífríki viðtaka hins vegar.

Embættið áskilur sér jafnframt rétt til að koma fram með ábendingar og athugasemdir á síðari stigum við meðferð málsins.

HSL veitir eftirfarandi starfsemi starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit:



- a) vinnslu fisks og annara sjávarafurða,
- b) virkjunum og orkuveitum frá 1MW,
- c) spennistöðvum þar sem spennar innihalda meira en 2.000 l af spennaolíu,
- d) endurnýtingu úrgangs, þ.m.t. gas- og jarðgerð,
- e) efnistöku
- f) jarðborun

HSL veitir jafnframt starfsleyfi vegna tímabundinna starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og starfsleyfi fyrir vinnslu og þökkun matjurta skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli, en ræktun matjurta, þ.e. frumframleiðsla, er tilkynningarskyld til heilbrigðiseftirlits skv. sömu lögum.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi